

Ed.

427. Nefndarálit

[37. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. Fulltrúar fjármálaráðuneytis, Kaupmannasamtakanna og Sambands ísl. samvinnufélaga mættu á fundum nefndarinnar. Einnig veitti skattrannsóknastjóri nefndinni upplýsingar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. mars 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson,
form., frsm.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr., með fyrirvara.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Bjarnason.

Davíð Aðalsteinsson.

Fylgiskjal.

Kjartan Jóhannsson undirritar nefndarálitid með svofelldum fyrirvara.

„Ljóst er að söluskattskerfið hefur gengið sér til húðar. Hin mörgu undantekningar-ákvæði og hin háa skattprósenta gera virkt eftirlit og góð skil mjög torveld og auka á tilhneigingu til og hættu á undandrætti. Uppsöfnunaráhrif skattsins hafa slæm áhrif á atvinnulífið í landinu og rýra samkeppnisstöðu margra atvinnugreina gagnvart innflutningi. Þess vegna hefur Alþýðflokkurinn borið fram tillögur um að virðisaukaskattur komi í stað söluskatts. Með hverju árinu sem líður verður æ brýnna að gera þá breytingu að taka upp almennan virðisaukaskatt eða ígildi hans í stað þess söluskattskerfis sem nú er, enda munu ekki nást góð skil á skattheimtu með öðrum hætti.

Með tilvísun til þessa ítreka ég nauðsyn kerfisbreytingar, en fellst á samþykkt þessa frumvarps sem bráðabirgðaaðgerðar, sem geti e. t. v. eitthvað bætt skil og eftirlit meðan ekki hafa verið gerðar þær kerfisbreytingar sem Alþýðflokkurinn leggur höfuðáherslu á.“